

# Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum



## Forsíðumynd



Guðmundur Salómonsson fór illa með Börk á dyravarðanámsskeiði sem Framsýn og lögreglan á Húsavík stóðu fyrir. Fyrir þá sem ekki vita, þá eru þeir feðgar. Greinilegt er að sá gamli er sterkari ef marka má þessa mynd. Hugsanlega er Börkur ekki sammála því.

## Fjör á dyravarðanámsskeiði

Framsýn og lögreglan á Húsavík stóðu fyrir dyravarðanámsskeiði í febrúar. Alls tóku 17 einstaklingar þátt í námskeiðinu. Meðal áherslu atriða sem tekin voru fyrir má nefna, kjarasamninga, skyndihjálp, eldvarnir, samskipti lögreglu og dyravarða og valbeiting/sjálfsvörn. Mikið er lagt upp úr því að dyraverðir í Píngeyjarsýslum séu með tilskilin réttindi við dyravörslu enda krefjandi störf. Samstarf lögreglunar og Framsýnar hefur í gegnum tíðina verið til mikillar fyrirmyndar er varðar fræðslu fyrir dyraverði. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um námskeiðið og myndir á heimasíðu Framsýnar.



Áhugasamir verðandi dyraverðir læra endurlífgun.

## Skrifað undir stofnanasamning

Skrifað hefur verið undir nýjan stofnanasamning fyrir starfsmenn er starfa í bókasafni Framhaldsskólans á Laugum. Samkvæmt gildandi kjarasamningi Fjármálaráðherra fh. ríkisjóðs og Starfsgreinasambands Íslands sem Framsýn er aðili að, ber aðilum að gera stofnanasamninga fyrir þau störf sem falla undir viðkomandi stofnanir ríkisins. Framsýn er með nokkra slíka samninga í dag fyrir félagsmenn sem starfa hjá ríkinu.



Aðalsteinn Árni formaður Framsýnar og Valgerður Gunnarsdóttir skólameistari Framhaldsskólans á Laugum skrifuðu undir samninginn fyrir hönd aðila.



Rólegur, annars hendi ég þér út!!!!

## Launamiðar vegna ársins 2011 komnir í póst

Búið er að senda út launamiða til félagsmanna stéttarfélaganna sem fengu laun eða styrki úr sjóðum félaganna á síðasta ári. Tæplega 750 miðar fóru út sem sýnir vel umsvif stéttarfélaganna á svæðinu. Væntanlega eru ekki mörg fyrirtæki, sveitarfélög eða félagasamtök í Píngeyjarsýslum sem senda út fleiri launamiða en stéttarfélagin en innan félaganna eru rúmlega 2000 félagsmenn.

## Orlofsfréttabréf væntanlegt

Stéttarfélagin munu gefa út annað Fréttabréf í mars. Þar verður lögð áhersla á að kynna félagsmönnum orlofskosti sumarið 2011 en reiknað er með að þeir verði sambærilegir milli ára. Meðfylgjandi Fréttabréfinu verður umsóknareyðublað um orlofskosti sumarið 2011.

## Tillaga kjörnefndar samþykkt samhljóða

Kjörnefnd Framsýnar lagði fram tillögu um fulltrúa í stjórn, ráð og nefndir á vegum félagsins fyrir starfsárin 2012-2014 á fundi Framsýnar 6. febrúar. Formaður nefndarinnar, Ágúst S. Óskarsson gerði grein fyrir tillögunni. Í máli hans kom fram að mikill áhugi væri fyrir því að starfa fyrir félagið. Það helsta er að Jóna Matthíasdóttir og Agnes Einarsdóttir koma nýjar inn í stjórn félagsins. Þá koma nokkrir nýir ungir meðlimir inn í trúnaðarmannaráð félagsins en markmiðið hefur verið að yngja upp í stjórnunarstöðum í félaginu. Nýir í trúnaðarmannaráði eru, Sigurveig Arnardóttir, Þórdís Jónsdóttir, Einar Magnús Einarsson, Kári Kristjánsson og Justyna Lewicka. Stjórn og trúnaðarmannaráð Framsýnar samþykkti tillöguna. Tillagan er auglýst í Fréttabréfinu.

ÚTGEFENDUR: Píngiön, félag iðnaðarmanna, Starfsmannafélag Húsavíkur, Framsýn- stéttarfélag, Verkalýðsfélag Þórshafnar.

Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík • Sími 464 6600 • Fax 464 6601 • e-mail: kuti@framsyn.is • Heimasíða: www.framsyn.is • ÁBYRGÐARMANNA: Aðalsteinn Á Baldursson

Fréttabréfið er skrifað 21. febrúar 2012 og gefið út í 2000 eintökum.

HÖNNUN OG PRENTUN: Örkin, Húsavík.

## Ljósritunarvél til sölu

Vegna endurnýjunar á ljósritunarvél á Skrifstofu stéttarfélaganna er gamla vélin til sölu gegn vægu gjaldi. Áhugasamir hafi samband við skrifstofuna.

## Vinnumálastofnun eflir þjónustu

Framsýn hefur farið þess á leit við Vinnumálastofnun að hún eflir þjónustu við atvinnuleitendur í Þingeyjarsýslum. Um 150 manns voru á atvinnuleysissskrá um síðustu áramót á félagssvæði stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum. Vinnumálastofnun hefur verið með þjónustuskrifstofu fyrir atvinnuleitendur á Húsavík með tengingu við skrifstofu stofnunarinnar á Akureyri. Starfsmaðurinn á Húsavík var um tíma í 100% starfi en á síðustu árum hefur stöðugildið verið skorið niður í 40%.

Framsýn hefur áhyggjur af stöðu mála og telur mikilvægt að Vinnumálastofnun endurskoði starfshlutfallið á Húsavík með það að markmiði að ráðinn verði starfsmaður í fullt starf. Ljóst er að starfsmaður í 40% starfi gerir ekkert annað en að taka á móti skráningum. Að mati Framsýnar er mikilvægt að auka úrræði fyrir atvinnuleitendur t.d. með virkri vinnumiðlun. Þessum þáttum verður ekki sinnt með eðlilegum hætti nema starfsmaðurinn verði í fullu starfi.

Framsýn treystir Vinnumálastofnun vel til að halda utan um málaflokkinn eins og kveðið er á um í lögum um stofnunina varðandi hlutverk og verkefni. Hins vegar telur félagið ekki líðandi hvernig mál hafa þróast í Þingeyjarsýslum og telur að bregðast verði við því. Að mati félagsins verður það best gert með því að Vinnumálastofnun endurskoði starfshlutfall starfsmannsins á Húsavík og ráði hann í fullt starf. Þannig verði komið til móts við skoðanir stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum, atvinnuleitendur og atvinnurekendur.

## Staðgreiðsla 2012

## Hér koma hagnýtar upplýsingar varðandi skatt- hlutfall og persónuafslátt árið 2012.

### Skatthlutfall í staðgreiðslu er

37,34% af tekjum 0 - 230.000 kr.  
40,24% af tekjum 230.001 - 704.367 kr.  
46,24% af tekjum yfir 704.367 kr.

Skatthlutfall barna, þ.e. þeirra sem fædd eru 1997 eða síðar er 6% af tekjum umfram frítekjumark barna sem er kr. 100.745

### Persónuafsláttur 2012

Persónuafsláttur er kr. 558.385 á ári, eða kr. 46.532 á mánuði. Heimilt er að nýta allan (100%) ónýttan persónuafslátt maka á árinu 2012.

Einn mánuður	kr.	46.532
Hálfur mánuður	kr.	22.266
Fjórtán dagar	kr.	21.359
Ein vika	kr.	10.680

Ef launatímabil er annað en að ofan greinir skal ákvarða persónuafslátt þannig: 558.385 / 366 x dagafjöldi launatímabils. Sjá nánar á vef Ríkisskattstjóra <http://rsk.is/einstakl>.

## Nánari fréttir á heimasíðunni

Hægt er að fræðast nánar um starfsemi stéttarfélaganna á heimasíðu stéttarfélaganna [www.framsyn.is](http://www.framsyn.is). Þar er einnig fjallað nánar um þær fréttir sem eru í Fréttabréfinu með myndum.

## Kjara- og viðhorfskönnun BSRB

BSRB hefur samið við Capacent Gallup um kjara- og viðhorfskönnun meðal allra aðildarféлага bandalagsins. Hún mun verða ein af stærstu og veigamestu launa- og vinnuþakskönnunum landsins. Félagsmenn BSRB mega eiga von á hringingu á næstu dögum og vikum þar sem þeim verður boðin þátttaka í könnuninni. Sjálf könnunin verður svo send rafrænt út í mars og mun gagnaöflun fara fram þann mánuðinn. Mikilvægt er að sem flestir taki þátt til að niðurstöðurnar nýtist félagsmönnum í baráttunni um betri kaup og kjör. BSRB hvetur því alla félagsmenn til að taka þátt í könnuninni. Frekari upplýsingar eru á heimasíðu Starfsmannafélags Húsavíkur, [www.framsyn.is](http://www.framsyn.is)



Berglind Erlingsdóttir er félagsmaður í STH. Hún ásamt öðrum félagsmönnum starfsmannafélagsins mega eiga von á hringingu á næstu dögum en kjara- og viðhorfskönnun standur yfir á vegum BSRB.

## Orlofshús í vetrarleigu frábær upplifun

Hægt er að fá bústað Framsýnar á Illugastöðum leigðan í vetur um helgar eða virka daga. Töluverð ásókn hefur verið í bústaðinn í vetur og þegar blaðamaður Fréttabréfsins kom við á Illugastöðum um síðustu helgi var verið nánast í öllum bústöðunum en þeir eru 32 í heildina. Félagsmenn sem hafa áhuga á að fá bústaðinn leigðan eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við Orlofsbyggðina á Illugastöðum sem sér um vetrarleiguna fyrir félagið fyrir utan páskana en Framsýn hefur ákveðið að sjá um útleiguna um páskana. Síminn á Illugastöðum er 4626199.



Það gefur lífinu gildi að dvelja á Illugastöðum í tallegu umhverfi.

## Háum fasteignagjöldum mótmælt

Mörgum íbúum Norðurþings hefur blöskrað hekkkanir sveitarfélagsins á fasteignagjöldum. Framsýn hefur gert athugasemdir við hekkkanirnar og farið þess á leit við bæjarstjórn að þau verði endurskoðuð með það í huga að þau verði lækkuð er varðar álagsþrósentur sveitarfélagsins.

# Auglýsing

## um kjör í stjórnir, ráð og nefndir á vegum Framsýnar árin 2012-2014

### Aðalstjórn:

Aðalsteinn Árni Baldursson formaður, Skrifstofa stéttarfélaganna  
Kristbjörg Sigurðardóttir varaformaður, Norðurþing – Pálsgarði  
Ólga Gísladóttir ritari, Norðurfurjarnan  
Jakob G. Hjaltalín gjaldkeri, Olís

### Meðstjórnendur:

Jóna Matthíasdóttir Atvinnuþróunarfélag Pingeyinga  
Torfi Aðalsteinsson Jarðboranir  
Svava Árnadóttir Norðurþing – Raufarhöfn

### Varastjórn:

Sigrún Arngrímsdóttir Húsmóðir  
Agnes Einarsdóttir Ferðaþjónustan Vogum  
Dómhildur Antonsdóttir Sjóvá  
María Jónsdóttir Heimabakari  
Aðalsteinn Gíslason Reykfiski  
Kristrún Sigtryggsdóttir Heilbrigðisstofnun Pingeyinga.

### Trúnaðarmannaráð:

Gunnþórunn Þórgrímsdóttir Norðurþing – Grænuvellir  
Ragnhildur Jónsdóttir Rifós  
Pórir Stefánsson Vegagerðin  
Sófus Páll Helgason Rifós  
Práinn Práinsson Olís  
Einar Friðbergsson Norðurþing – Borgarhólsskóli  
Guðný Grímsdóttir Útgerðarfélag Akureyringa  
Ósk Helgadóttir Pingeyjarsveit. – Stórutjarnaskóli  
Ólver Práinsson Norðlenska  
Valgeir Páll Guðmundsson Sjóvá  
Einar Magnús Einarsson Silfurstjarnan  
Kári Kristjánsson Húsasmiðjan  
Justyna Lewicka Vísir  
Sigurveig Arnardóttir Dvalarheimilið Hvammur  
Þórdís Jónsdóttir Pingeyjarsveit. – Hafnalækjarskóli.

### Stjórn fræðslusjóðs:

Jakob G. Hjaltalín  
Kristrún Sigtryggsdóttir  
María Jónsdóttir  
Varamenn:  
Aðalsteinn Gíslason  
Ragnhildur Jónsdóttir

### Stjórn sjúkrasjóðs:

Aðalsteinn Árni Baldursson  
Einar Friðbergsson  
Dómhildur Antonsdóttir  
Varamenn:  
Kristbjörg Sigurðardóttir  
Jónína Hermannsdóttir  
Guðrún Steingrimsdóttir

### Stjórn orlofssjóðs:

Ólga Gísladóttir  
Örn Jenson  
Ásgerður Arnardóttir  
Varamenn:  
Práinn Práinsson  
Svava Árnadóttir

### Stjórn vinnudeilusjóðs:

Kristbjörg Sigurðardóttir  
Jakob G. Hjaltalín  
Kjartan Traustason  
Varamenn:  
Gunnar Sigurðsson  
Guðný Þorbergsdóttir

Heimilt er hverjum fullgildum félagi að koma með breytingartillögum um félagi í einstakar trúnaðarstöður eða koma fram með nýja heildartillögu um skipan félagi í trúnaðarstöður fyrir næstu starfsár. Breytingartillögu skal fylgja skriflega heimild frá þeim, sem stungið er upp á og meðmæli a.m.k. 40 fullgildra félagsmanna. Nýjum heildartillögum þurfa að fylgja skrifleg meðmæli a.m.k. 80 fullgildra félagsmanna. Skrifl er að koma breytingartillögum til Skrifstofu stéttarfélaganna, Garðarsbraut 26, Húsavík fyrir 10. mars 2012. Kosningar fara fram í samræmi við reglugerð ASÍ um allsherjaratkvæðagreiðslur.

Stjórn og trúnaðarmannaráð Framsýnar



Kristín Arinbjarnardóttir starfar sem bókarí á Heilbrigðisstofnun Pingeyinga. Hér er hún niðursokkin í störf enda oft óvenjumikið að gera hjá bókum á þessum tíma árs.

## Styrkir kaup á nýjum björgunarbát

Framsýn hefur ákveðið að styrkja kaup á nýjum öflugum björgunarbát til Húsavíkur um kr. 200.000,- en sófnun fyrir bátnum hefur staðið yfir. Björgunarsveitin Garðar hefur fjárfest í opnum harðbotna slöngubát af gerðinni Atlantic 75 af bresku sjöbjörgunarfélagi. Áætlað er að báturinn kosti tæpar 10 milljónir. Garðar á fyrir björgunarbát sem sveitin taldi rétt að endurnýja enda umferð um Skjálfanda stórauðist á síðustu árum, ekki síst með tilkomu hvalaskoðunarferða frá Húsavík og strandveiða. Nýi báturinn verður mun öflugri en sá sem fyrir er.



Björgunarsveitin Garðar gegnir mikilvægu hlutverki í samfélaginu. Sveitin hefur nú fest kaup á öflugum björgunarbát til Húsavíkur.

## Jakob áfram formaður

Aðalfundur Sjómannaeldar Framsýnar fór fram í lok desember og var mæting á fundinn góð. Fundurinn stóð yfir í fjóra tíma. Góðar umræður urðu um málefni sjómanna og skýrslu stjórnar. Gagnrýni kom fram á forystu verkalyðshreyfingarinnar. Sampykkt var að álykta um kjara- og öryggisfræðslumál sjómanna. Stjórnin var endurkjörin og verður Jakob Hjaltalín áfram formaður deildarinnar. Með honum í stjórn eru, Haukur Hauksson, Stefán Hallgrímsson, Björn Viðar og Kristján Þorvarðarson. Hægt er að nálgast skýrslu stjórnar og ályktanir fundarins á heimasíðu Framsýnar.



Aðalfundur Sjómannaeldar Framsýnar eru ávallt mjög líflægir og að sjálfsgöðu málefnalegir.

## Samþykkt að kaupa íbúðir í Kópavogi

Stéttarfélagin Þingið og Framsýn hafa samþykkt að fjárfesta í fjórum nýjum sjúkra- og orlofsíbúðum í Kópavogi fyrir félagsmenn. Tillögur þess efnis voru samþykktar nýlega á félagsfundum. Mun hagstæðara er að kaupa nýjar íbúðir í Kópavogi en í Reykjavík. Framsýn kaupir þrjár íbúðir og Þingið eina. Íbúðirnar eru 80 til 100m<sup>2</sup>. Fyrir eiga félagin fjórar íbúðir sem verða seldar. Nýju íbúðirnar sem eru í byggingu í Þorrasölum 1 til 3 í Kópavogi verða klárar 1. júlí í sumar. Til fróðleiks má geta þess að Þorrasalir eru skammt frá Smáralindinni við útivistarsvæði höfuðborgarbúa. Félagin greiða 96 milljónir fyrir íbúðirnar. Söluandvirði núverandi eigna er um 62,5 milljónir sem að mestu ganga upp í nýju eignirnar. Um þessar mundir er verið að ganga frá kaupsamningum.



Stéttarfélagin hafa fest kaup á fjórum nýjum glæsilegum íbúðum fyrir félagsmenn. Hér eru fulltrúar stéttarfélaganna Jónas, Aðalsteinn og Kristbjörg ásamt Sigmari Stefánsyni framkvæmdarstjóra Trésmiðjunnar Rein sem hefur verið félagunum innan handar við kaupin.

## Starfsmenn sveitarfélaga fá eingreiðslu

Félagsmenn Framsýnar, Verkalýðsfélags Þórshafnar og Starfsmannafélags Húsavíkur sem vinna hjá sveitarfélögum og stofnunum þeirra s.s. Hvammi, heimili aldraðra í Þingeyjarsýslum átta að fá greidda sérstaka eingreiðslu 1. febrúar 2012 upp á 25.000 kr. fyrir fullt starf. Starfsmenn í hlutastarfi fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall 1. febrúar 2012. Þetta á einnig við hjá þeim sem taka mið af samningi sveitarfélaganna. Til viðbótar má geta þess að launatafla starfsmanna sveitarfélaga hækkar svo 1. mars n.k. Þá verða lágmarkslaun fyrir fullt starf kr. 203.593,-.

## VP styrkir tækjakaup

Á dögunum færði Verkalýðsfélag Þórshafnar heilbrigðisstofnuninni á Þórshöfn myndarlega gjöf frá sjúkrasjóði félagsins. Um var að ræða gjafabréf kr. 500.000,- sem ætlað er til tækjakaupa en stofnunin festi nýlega kaup á röntgenmyndatæki og búnaði. Stjórn sjúkrasjóðsins taldi það verðugt verkefni að styðja við heilbrigðisþjónustu í heimabyggð og var gjöfin vel þegin. Það var Svala Sævarsdóttir formaður félagsins sem afhendi Haraldi Tómassyni lækni gjöfina.



## Vel sótt jólaboð stéttarfélaganna

Stéttarfélagin buðu gestum og gangandi í jólaboð um miðjan desember. Margt var um manninn og að vanda voru fjölbreytt og skemmtileg tónlistaratriði frá Tónlistarskóla Húsavíkur í boði fyrir gestina. Nemendur Tónlistarskóla Húsavíkur spiluðu á gítar og fleiri hljóðfæri auk þess sem jólasveinninn leit við og naut hann dyggs stuðnings kórsins við að syngja og tralla með í nokkrum jólalögum gestum og þá sérstaklega yngri kynslóðinni til mikillar gleði.



Jólaboðið er fyrir löngu orðið fastur liður í starfsemi stéttarfélaganna. Talið er að um 400 manns hafi verið á staðnum.

## Nýr stofnanasamningur

Gengið hefur verið frá nýjum stofnanasamningi fyrir félagsmenn Framsýnar sem starfa hjá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Samningurinn byggir á heimild í núverandi kjarasamningi fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins og Framsýnar- stéttarfélags (SGS). Þar er kveðið á um að heimilt sé að gera sérstaka stofnanasamninga fyrir starfsmenn á stofnunum sem reknar eru á vegum ríkisins samkvæmt ákveðnum reglum. Starfsmenn HP geta nálgast samninginn á skrifstofu félagsins.



Jón Helgi Björnsson framkvæmdastjóri HP og Aðalsteinn Árni formaður Framsýnar undirrituðu stofnanasamninginn.

## Kynningarfundur um íslenska jarðvarmaklasann

Síðasta fimmtudag var haldinn almennur kynningarfundur á klasasamstarfi um íslenska jarðvarmann, Iceland Geothermal, í húsnæði stéttarfélaganna að Garðarsbraut 26, Húsavík. Framsýn og ráðgjafafyrirtækið Gekon stóðu að fundinum sem fór vel fram. Tæplega 70 fyrirtæki og stofnanir vinna nú saman að því að bæta samkeppnishæfni Íslendinga í öllu því sem að lýtur að nýtingu á jarðvarma. Á síðustu mánuðum hafa norðlenskir aðilar verið að koma inn í þetta samstarf í ríku mæli, enda möguleikar Norðlendinga og þá ekki síst Þingeyinga, margvíslegir á þessu sviði.

## Nýr formaður til starfa

Aðalfundur Deildar skrifstofu- og verslunarfólks innan Framsýnar fór fram í lok janúar. Fundurinn fór vel fram og flutti formaður deildarinnar Snæbjörn Sigurðarson skýrslu stjórnar. Þá gerði formaður félagsins Aðalsteinn Árni grein fyrir hugmyndum félagsins um að kaupa nýjar sjúkra- og orlofsíbúðir í Kópavogi fyrir félagsmenn. Almenn ánægja kom fram á fundinum með starfsemi deildarinnar og fyrirhuguð kaup félagsins á nýjum íbúðum á höfuðborgarsvæðinu. Varðandi stjórnarkjör bar það helst til tíðinda að Snæbjörn gaf ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku í deildinni. Í hans stað var kjörin Jóna Matthíasdóttir verkefnastjóri hjá Atvinnuþróunarfélagi Pingeyinga. Jóna var áður í stjórn Starfsmannafélags Íslandsbanka og trúnaðarmaður starfsmanna bankans á Húsavík. Jóna er boðin velkomin til starfa sem formaður deildarinnar. Hún mun einnig taka sæti í stjórn Framsýnar á næsta aðalfundi deildarinnar sem áætlaður er í lok mars. Jóna hefur ekki áður starfað formlega fyrir Framsýn. Á fundinum þakkaði Aðalsteinn, Snæbjörn og Sigríði Birgisdóttir stjórnarmanni fyrir vel unnin störf fyrir deildina en þau gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn deildarinnar. Hægt er að nálgast skýrslu stjórnar á heimasíðu félagsins, [www.framsyn.is](http://www.framsyn.is)



Jóna Matthíasdóttir hefur tekið við formennsku í Deild verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar. Hún er boðin velkomin til starfa. Varaformaður verður Jónína Hermannsdóttir en amma hennar og alnafna var um áratuga skeið ritari Verkakvinnafélagsins Vonar.



Snæbjörn og Sigríður Birgisdóttir hættu í stjórn. Þeim voru þökkúð vel unnin störf og fengu blómvönd sem þakkætisvott. Hér tekur Sigríður við blómum.

## Laun hækkuðu almennt 1. febrúar

Þann 1. febrúar hækkuðu launataxtar Verkalýðsfélags Þórshafnar og Framsýnar almennt um kr.11.000. Þá hækkuðu laun þeirra sem ekki fá laun samkvæmt útgefnum launatöxtum um 3,5% að lágmarki. Reiknitölur og föst alög eins og t.d. fastur bónus í saltfiski munu einnig hækka um 3,5% en þó ekki minna en um 10 krónur per tíma. Þetta þýðir að allur fastur bónus undir kr. 288 pr/klst hækkar um 10 krónur. Lágmarkstekjur fyrir fullt starf hækka einnig og verða kr.193.000 fyrir 173,33 stundir í mánuði eða 40 klst. á viku. Þeir sem ekki ná kr.193.000 á mánuði fyrir fullt starf ( 173,33 stundir + bónus + álagsgreiðslur innan dagvinnutíma ) skulu fá greiddar launauppbætur fyrir það sem upp á vantar. Þeir hópar innan Framsýnar og Verkalýðsfélags Þórshafnar sem hækkuðu ekki um síðustu mánaðarmót eru starfsmenn sveitarfélaga og ríkisins. Hækkunar til þeirra koma um næstu mánaðamót. Búið er að uppfæra flesta taxtana á heimasíðu stéttarfélaganna [framsyn.is](http://framsyn.is) Launþegar þurfa að fylgjast vel með því að launahækkunarir skili sér til þeirra. Því miður eru dæmi um atvinnurekendur sem hunsu það að hækka starfsmenn þrátt fyrir ákvæði kjarasamninga.

## Þorra blótað



Sumir voru svengri en aðrir!!!

Eins og kunnugt er hafa landsmenn blótað þorra síðustu vikunnar. Starfsmenn Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík sáu ástæðu til að taka þátt í gleðinni og blótuðu Þorra ásamt góðum gestum frá VÍS sem eru með þjónustuskrifstofu í húsnæði stéttarfélaganna. Þá voru formenn Starfsmannafélags Húsavíkur og Pingiðnar að sjálfsögðu á staðnum enda miklir áhugamenn um gamla íslenska siði. Hér koma myndir sem teknar voru við það tækifæri.



Jólaöl og þorramatur var á borðum starfsmanna og gesta.

## Gengið frá samkomulagi fyrir sjómenn

LÍÚ og Samtök atvinnulífsins annars vegar og sjómannastökin hins vegar hafa gengið frá samkomulagi um hækkun á kauptryggingu og kaupliðum kjarasamninga frá 1. febrúar 2012 um 3,5%. Þannig verður kauptrygging háseta kr. 220.486,-, kauptrygging matsveins, fyrsta og annars vélstjóra og vélavaraðar, bátsmanns og netamanns kr. 275.607 og yfirvélstjóra, fyrsta stýrimanns og skipstjóra kr. 330.729,-. Kjarasamningar sjómanna á fiskiskipum hafa verið lausir frá 1. janúar 2011 og ekki er útlit að á því verði breyting á næstunni. Í desember 2010 lýsti formaður LÍÚ því yfir að ekki yrði samið við sjómenn fyrr en niðurstaða væri fengin varðandi fyrirhugaðar breytingar á lögnum um stjórn fiskveiðanna. Niðurstaða í því máli hefur ekki enn fengist og því nánast engar viðræður í gangi milli aðila um endurnýjun kjarasamningsins. Þrátt fyrir samningsleysið hefur LÍÚ fallist á að hækka kauptryggingu og aðra kaupliði hjá sjómönnum um sömu prósentuhækkun og samið var um á almenna vinnumarkaðnum. Ekki er sjálfgefið að launaliðir hjá sjómönnum hækki þar sem samningar eru lausir. Engu að síður samþykkti LÍÚ að gera samkomulag við samtök sjómanna um hækkun kauptryggingar og annarra launaliða frá 1. febrúar, þegar ljóst varð að samningum á almenna vinnumarkaðnum yrði ekki sagt upp.

## Fagna flugi til Húsavíkur

Flugfélagið Emir hefur ákveðið að hefja áætlunarflug til Húsavíkur í apríl. Málið var til umræðu á síðasta fundi Framsýnar þar sem því var fagnað sérstaklega að flug væri að hefjast aftur til Húsavíkur. Flugfélagið hefur yfir að ráða öflugum 19 manna flugvélum sem henta vel til innanlandsflugs. Þrátt fyrir að flugfélagið hafi gefið út að áætlunarfluginu sé ætlað að standa til 30. september bindur Framsýn miklar vonir við að framhald verði á áætlunarfluginu enda verði nýtingin á fluginu góð. Öflug ferðaþjónusta og fyrirhuguð uppbygging á orkufrekum iðnaði í Pingeyjarsýslum kalla á góðar samgöngur til og frá svæðinu, ekki síst í lofti. Þá er mikilvægt að heimamenn verði duglegir að nýta sér þennan nýja ferðamáta, enda fylgir honum bæði tíma- og fjárhagslegur sparnaður á ferðalögum.

## Tannlæknastofa Sigurjóns Benediktssonar hefur skipt um eigendur

**Tannlæknarnir, Heiðís Halldórsdóttir og Jóhanna Bryndís Bjarnadóttir, hefja störf á stofunni 21. febrúar.**

*Guðrún Viðar mun áfram starfa á stofunni.*

Heiðís lauk námi við tannlæknadeild Háskóla Íslands vorið 2008. Heiðís hefur starfað sem tannlæknir hjá Tannlæknastofu Austurlands á Eskifirði og Fáskrúðsfirði auk þess sem hún starfar á sinni eigin stofu, Tannlæknastofunni Turninum í Kópavogi.



Jóhanna lauk námi við tannlæknadeild Háskóla Íslands vorið 2008. Jóhanna hefur starfað við tannlækningar frá vorinu 2008 hjá Ingu B Árnadóttur í Reykjavík og svo á sinni eigin stofu, Tannlæknastofunni Turninum í Kópavogi.

*Sigurjón vill jafnframt nýta tækifærið og þakka samstarfið við Þingeyinga og nærsveituna undanfarin ár.*

**Tímamantanir í síma: 464 0990**

## Félagsmenn teknir tali

Jónas Kristjánsson formaður Þingiðnar gaf sér tíma til að heimsækja nokkra félagsmenn á dögnum. Hér er hann á tali við Vigfús Leifsson sem starfar hjá Trésmiðjunni VAL á Húsavík. Þess má geta að Vigfús er varaformaður Þingiðnar. Atvinnuástand hjá iðnaðarmönnum hefur verið ágætt undanfarið en mjög lítið er þó um stór verkefni.



Jónas og Vigfús fara yfir málin, þeir eins og margir fleiri biða eftir því að stór framkvæmdir hefjist á Húsavík er tengjast orkufræm iðnaði.

## Sjóðsfélagafundur í Stapa, lífeyrissjóði

Stjórn Stapa lífeyrissjóðs boðar til sjóðfélagafundar í samstarfi við Framsýn í fundarsal stéttarfélaganna að Garðarsbraut 26 Húsavík miðvikudaginn 29. febrúar n.k. kl. 20:00

Tilfni fundarins er nýleg skýrsla um úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins 2008. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta og taka þátt í umræðum um efni skýrslunnar. Skýrsluna má finna í heild sinni á heimasíðu sjóðsins [www.stapi.is](http://www.stapi.is)



## Skrifað undir samstarfssamning

Eins og fram hefur komið hafa Lionsklúbbur Húsavíkur og Heilbrigðisstofnun Þingeyinga sammælt um að standa fyrir forvarnarverkefni gegn ristilkrabbameini á árunum 2012 til 2016. Íbúum á svæðinu sem verða 55 ára á því ári sem skoðunin fer fram verður boðið upp á skoðun án endurgjalds. Svo það sé hægt hefur Lionsklúbburinn fengið nokkra aðila að verkefninu. Í þeim eru aðildarfélög Skrifstofu stéttarfélaganna sem leggja verkefninu til eina milljón.



Birgir Þór Þórðarson formaður Lionsklúbbs Húsavíkur og Aðalsteinn Á. Baldursson forstöðumaður Skrifstofu stéttarfélaganna eru hér að ganga frá samningnum sem skuldbindur stéttarfélagin að setja eina milljón í þetta mikilvæga verkefni.

# Hafðu bankann með þér



Með „appinu“ okkar getur þú tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímann og nálgast margvíslega þjónustu.

- Millifærslur
- Ógreiddir reikningar
- Yfirlit og staða kreditkorta
- Myntbreyta og gengi gjaldmiðla
- Samband við þjónustuver
- Staðsetning útibúa og hraðbanka

Þú færð nánari upplýsingar á [www.islandsbanki.is/farsiminn](http://www.islandsbanki.is/farsiminn)



Skannaðu kóðann til að sækja „appið“ frítt í símann.

